



455. Stjórnarfundur haldinn 7. október 2015 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og
Birgir Már Bragason (BMB).

Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Erindi frá knattspyrnudeild v/aukaaðalfundar fimmtudaginn 8. október. *Móttakið. Áður samþykkt 1. október með tölvupósti á milli stjórnarmanna.*

Erindi frá knattspyrnudeild v/kvennaknattspyrnu. *Móttakið. Þó nokkrar umræður urðu um málið. Ákveðið að verða við erindinu og framkvæmdastjóra falið að gera lánasamning við knattspyrnudeildina með þeim tryggingum sem um var getið í erindinu. KG vék af fundi undir þessum lið.*

Tölvupóstur frá UMFÍ v/49. Sambandsþings. Seinna þingboð, ársreikningur og tillögur. *Móttakið.* Milliuppgjör knattspyrnudeildar fyrir fyrstu sex mánuðina. *Móttakið.*

3. Send bréf.

Umsóknir um styrk sendar í Íþróttasjóð Ríkisins og Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ.

4. 49. Sambandsþing UMFÍ Vík í Mýrdal 17. – 18. október 2015.

49. Sambandsþing UMFÍ verður haldið í Vík í Mýrdal 17. – 18. október 2015. Kjörbréf liggur fyrir. Keflavík á tíu þingfulltrúa. Farið yfir tillögur sem verða lagðar fram á þinginu. PMK ætlar að skoða ársreikninginn. EH ætlar að búa til tillögu varðandi þátttöku ríkisins við kostanað þeirra einstaklinga sem valdir eru í Íslensk landslið.

5. Námskeið.

Námsekið „*Verndum þau*“ verður haldið þriðjudaginn 20. október í félagsheimili okkar. Búið að auglýsa það á heimasíðu okkar og senda út tölvupóst á stjórnarmenn deilda félagsins. Námskeiðið er opið öllum.

6. Önnur mál.

Málþing – „*Umfang og hagræn áhrif íþróttá*“ á morgun í Laugardalshöllinni. EH sækir málþingið. Samningar við Bláa Lónið. EH sagði frá fundi sem hann átti með Magneu Guðmundsdóttir.

Aukaaðalfundur knattspyrnudeildar. EH hvatti stjórnarmenn til að mæta á fundinn.

EH sagði frá því að hann væri búinn að panta tíma miðvikudaginn 14. október með Helga Arnarsyni Sviðsstjóra Fræðslusviðs Reykjanesbæjar til að fara yfir íþróttamálin.

EH sagði frá því að það sé komið að því að deildir endurnýji handbók ÍSÍ um fyrirmyndardeild. Deildir ættu að stefna á að fá vottun á aðalfundi sínum í janúar 2016.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:30

Næsti stjórnarfundur 21. október kl.18:00

Fundinn ritaði BS.

